

Skýrsla stjórnar PGA á Íslandi fyrir starfsárið 2014

Á aðalfundi PGA á Íslandi sem haldinn var í Hraunkoti laugardaginn 25. febrúar 2014 var stjórn PGA kjörin með tveimur breytingum. Úr stjórn gengu Brynjar Eldon Geirsson og Jón Þorsteinn Hjartarson. Við viljum nota tækifærið og þakka þeim vel unnin störf. Í þeirra stað komu Andrea Ásgrímsdóttir og Hlynur Geir Hjartarson. Einnig lét Ástráður Sigurðsson af störfum sem varamaður í stjórn og viljum við einnig þakka honum vel unnin störf. Nýjir varamenn í stjórn PGA á Íslandi fyrir starfsárið 2014 voru þau Hulda Birna Baldursdóttir og Birgir Leifur Hafþórsson.

Stjórn PGA á Íslandi var þannig skipuð á starfsárinu 2014 og skiptust embætti sem hér segir.

Sigurpáll Geir Sveinsson	Formaður
Andrea Ásgrímsdóttir	Ritari
Hlynur Geir Hjartarson	Fræðslumál
Einar Lyng Hjaltason	Gjaldkeri
Ingi Rúnar Gíslason	Mótamál

Varamenn í stjórn

Birgir Leifur Hafþórsson

Hulda Birna Baldursdóttir

Félagar voru 73 í upphafi árs en telja nú 77. Af þessum félögum eru 46 útskrifaðir golfkennarar, 11 atvinnukylfingar, 13 nemar og 7 meðlimir eru með aukaaðild. Ný andlit hafa komið inn í félagið og viljum við bjóða nýja meðlimi hjartanlega velkomna. Störf félagsins voru með hefðbundnum hætti á árinu og voru haldnir reglulegir stjórnarfundir ásamt nefndarfundum varðandi aðkallandi verkefni. Árið 2014 var fjárhagslega nokkuð gott og var daglegur rekstur réttu megin við núllið. Agnar Már Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri á árinu og sá hann um að framfylgja ákvörðunum stjórnar, daglegan rekstur og aðstoð við daglegan rekstur Golfkennaraskólans. Einnig hefur hann borið þungann af samstarfi Norðurlandabjóðanna. Það er einnig mikið til Agnari að þakka að 10-15 PGA menntaðir kennarar munu sækja 3. daga ráðstefnu og endurmenntun danska PGA nú í febrúar. Agnar er afar mikilvægur hlekkur í félaginu okkar og viljum við þakka honum einstaklega vel unnin störf á árinu.

Samstarf PGA og GSÍ

Samstarf PGA og Golfsambands Íslands hefur verið gott á undanförunum árum og að okkar mati er það samstarf að eflast og aukast ár frá ári en betur má ef duga skal. Golfsambandið styrkir PGA á ári hverju sem samsvarar launum framkvæmdastjóra og viljum við færa þeim þakkir fyrir það. Golfsambandið leitaði til PGA við uppsetningu mótaraða og stefnumótun sambandsins og erum við þakklát fyrir að fá tækifæri til að koma að þeim málum.

Stefnumótun PGA á Íslandi

Í nóvember 2014 ákvað stjórn PGA á Íslandi að fara í naflaskoðun með félagið og var haldinn félagsfundur í kjölfar fyrirlesturs Gauta Grétarssonar. Mætingin var mjög góð og mynduðust góðar og þarfar umræður um störf félagsins í fortíðinni og einnig komu flottar hugmyndir um framtíðarsýn félagsins. Agnar mun kynna þessi verkefni undir liðnum önnur mál.

Greinar í *Golf á Íslandi*

PGA á Íslandi hefur staðið fyrir greinaskrifum í *Golf Á Íslandi* frá árinu 2010. Þetta samstarf hefur gengið vel og PGA var með greinar um golf og golfkennslu í öllum blöðum á árinu 2014 og viljum við þakka greinaskrifurum fyrir. Þessi skrif eru mikilvægur liður í því að halda félaginu okkar á lofti og kynna félagsmenn, logoið okkar og fyrir hvað við stöndum. Við munum senda út póst fljótlega ef einhver hefur áhuga á að skrifa grein og þannig koma sér á framfæri því þetta blað er gefið út í um 16.000 eintökum og eflaust lesið af meginþorra kylfinga á Íslandi.

Fríspil PGA meðlima

Fríspil okkar meðlima virðist vera komið í sæmilegt stand hér á landi. Allir klúbbbar hafa tekið vel í beiðni okkar og hafa boðið okkur velkomin og viljum við færa öllum þeim klúbbum þakkir fyrir að taka vel á móti okkar félagsmönnum. Ég vil biðja ykkur félagsmenn góðir að ýta undir það í ykkar klúbbum að tekið verði vel á móti PGA félagsmönnum og minni á að upplýsingar um PGA kortin þurfa að berast til þeirra sem bóka rástíma og taka við greiðslum. Einnig vil ég minna ykkur á að láta vita fyrirfram að þið séuð með PGA kort.

Árþing PGA 2014

Árþing PGA í Evrópu var haldið samhliða Evrópumóti golfkennara (ITC) í Tyrklandi í desember. PGA á Íslandi hefur sent fulltrúa á þessa ráðstefnu undanfarin ár. Ákvörðun var tekin í haust að senda ekki mann í þetta sinn og aðallega vegna þess að ráðstefnan 2013 þótti ekki standast væntingar og dagskráin árið 2014 var óáhugaverð. Það er þó mikilvægt að

okkar mati að senda fulltrúa á ráðstefnuna reglulega þó svo að ekki hafi verið sent í þetta sinn.

Samnorræn ráðstefna

PGA á Íslandi var með bás ásamt öllum hinum Norðurlöndunum á the Nordic Golf Fair sem haldin var í Malmö dagana 1. til 3. október. Ferðakostnaður og hótél var greitt af aðstandendum sýningarinnar. Tækifærið var notað til funda með hinum Norðurlöndunum. Gerður var samningur við PGA í Danmörku um að íslenskir PGA meðlimir fái aðgang að árlegri ráðstefnu þeirra sem haldin er í febrúar ár hvert.

Mótamál

Mótahald fór fram með hefðbundnum hætti árið 2014. Haldin voru 4 mót sem gáfu stig til stigalista PGA á Íslandi og aðalstyrktaraðili mótaraðarinnar var Samsung og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Þrír efstu á stigalistanum voru valdir til þátttöku á ITC mótinu sem haldið var í Tyrklandi. Sú nýbreytni var þetta árið að PGA meistarinn var sá sem lék best PGA meðlima á Íslandsmótinu í högggleik.

Mótin fjögur voru:

- 23. maí - GS
- 17. júlí - GHR
- 30-31. júlí - GA (36 holu mót sem taldi sem 2 mót á stigalistanum)

Fimm efstu kylfingarnir á stigalista mótaraðarinnar voru eftitaldir:

Björgvin Sigurbergsson – 5482,5 stig
Davíð Gunnlaugsson – 3757,5 stig
Ingi Rúnar Gíslason – 3401,25 stig
Hlynur Geir Hjartarson – 2955,75 stig
Sigurpáll Geir Sveinsson – 1987,5 stig

PGA á Íslandi hélt hið árlega Pro-Am mót í samstarfi við GKG en mótið er einnig hluti af mótariðinni okkar. Mótið fór fram 5. júní og heppnaðist í alla staði vel. Við fengum 18 lið til að taka þátt sem er sami fjöldi og árið áður. Þetta mót er orðið fastur liður í starfsemi PGA á Íslandi og einn stærsti tekjupóstur félagsins. Framkvæmdastjóri PGA á Íslandi, Agnar Már Jónsson, á skilið mikið lof fyrir vinnu sína og natni í kringum mótið.

Einnig ber að þakka þeim félagsmönnum sem komu og gerðu daginn skemmtilegan og lærdómsríkann fyrir áhugamennina.

Okkar félagsmenn voru duglegir að sækja mót Eimskipsmótaraðarinnar og stóðu sig vel þar. Það sem ber hæst er auðvitað Íslandsmeistaratitill Birgis Leifs og þar af leiðandi PGA meistarinn 2014. Til hamingju með titlana Birgir Leifur! Við sendum lið á ITC mótið í Portúgal sem er haldið samhliða ársþingi EPGA. Lið PGA á Íslandi skipuðu Nökkvi Gunnarsson, Ingi Rúnar Gíslason og Hlynur Geir Hjartarson. Það er skemmst frá því að segja að liðið hafnaði í 19. sæti og lék Hlynur Geir best af okkar mönnum.

SNAG

SNAG eða *Starting New At Golf* hefur verið áberandi í golfinu hér og annars staðar síðustu misseri. SNAG fékk meðal annars verðlaun hjá evrópsku PGA samtökunum árið 2012 fyrir að vera frábærlega vel hönnuð hjálpartæki við golfkennslu. Formaður þeirrar dómnefndar var Tony Bennett sem er yfirmaður menntunarmála PGA í Evrópu og ein aðalstoð íslenska golfkennaraskólans.

SNAG leiðbeinendanámskeið hafa verið haldin hér á Íslandi síðan árið 2013 og hefur Hissa ehf. leitt útbreiðslu SNAG golfsins með leiðbeinendunum og þeim stofnunum sem þeir tilheyra. 90 SNAG leiðbeinendur nú staðsettir víða um landið og hafa um 7000 íslendingar á öllum aldri kynnst golfi í gegnum SNAG.

PGA golfkennarar sem nú starfa á Íslandi hafa tekið SNAGinu fagnandi en um 75% þeirra hafa lært að kenna SNAG golf á 1. stigi. Golfkennurum sem hafa lokið 1. stiginu stendur til boða að taka annað stigið, þar sem þeir læra að nýta kennslu- og hugmyndafræði SNAGsins ennfrekar í þjálfun kylfinga og afreksfólks í golfi.

SNAG er góð leið til að tengja skóla, samfélag og golfklúbba saman og gera golf að þeirri almenningsíþrótt meðal yngri kynslóðanna eins og fótboldi og aðrar íþróttir eru. Í þeirri þróun geta PGA golfkennarar verið leiðandi afl og tekið virkan þátt í að fjölga yngri iðkendum sem verða þeirra framtíðarviðskiptavinir. PGA vill þakka Magnúsi Birgissyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur fyrir frábært framtak í að stuðla að framþróun golfs á Íslandi.

FORSKOT

Árið 2011 var tilkynnt um að styrktarsjóður hafi verið stofnaður til að auðvelda okkar bestu kylfingum að láta draum sinn um atvinnumennsku rætast. Framlag sjóðsins er um 17 milljónir á ári og er þetta frábært framtak. Fyrirtækin sem standa á bakvið sjóðinn eru **Eimskip, Valitor, Icelandair, Íslandsbanki og Gólf samband Íslands**. Nú hefur verið samið um framhald sjóðsins og ber því að fagna. PGA á 3 aðila í fagraði sjóðsins og vil ég þakka þeim fyrir að gefa tíma sinn fyrir félagið okkar. Ég vil nota tækifærið og þakka Gólf sambandi Íslands og fyrirtækjunum fyrir að standa svona rausnarlega við bakið á okkar fremstu kylfingum.

Að lokum

Árið 2014 var nokkuð gott ár fyrir PGA á Íslandi. Við teljum að PGA á Íslandi sé að verða öflugra félag með hverju árinu en betur má ef duga skal. Ég vil þakka stjórn PGA á Íslandi fyrir vel unnin störf á árinu þar sem verkefni voru bæði skemmtileg og krefjandi. Við erum að verða nokkuð stórt félag með mjög verðmætan stimpil á okkar nafni og nú ber okkur að standa vörð um félagið okkar og sjá til þess að það haldi áfram að öðlast aukna virðingu innan golfgeirans.

Með vinsemd og virðingu

Sigurpáll Geir Sveinsson,
formaður PGA á Íslandi